

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 1992

15. apríl 1991

293

Nr. 130

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 748 (1992) vegna stuðnings líbýskra stjórnvalda við hryðjuverkastarfsemi.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 748 (1992) frá 31. mars 1992, vegna stuðnings líbýskra stjórnvalda við hryðjuverkastarfsemi og setur hér með eftirfarandi fyriræli:

- 1) Flugvélum á leið til eða frá Líbýu er óheimilt að fljúga um íslenska lofthelgi eða að hefja sig til flugs frá eða lenda á íslenskum flugvöllum, nema sérstök nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hafi veitt undanþágu af manúðarástæðum sbr. 9. gr. ályktunar nr. 748.
- 2) Íslenskum ríkisborgurum hvarvetna og öðrum í íslenskri lögsögu er óheimilt að selja eða flytja flugvélar og flugvélahluta til Líbýu, jafnframt eru viðhald og viðgerðir líbýskra flugvéla og flugvélahluta óheimilar. Það á einnig við um útgáfu lofthæfiskírteina. Að auki er óheimilt að selja váttryggingar eða að greiða tryggingabætur vegna notkunar líbýskra flugvéla.

Hver sá, sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngrri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. apríl 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Porsteinn Ingólfsson.